



Lokaskýrsla

um hópsýkingu af völdum *STEC* á leikskólanum Mánagarði í október 2024

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Samantekt

Þann 22. október 2024 kom tilkynning til sóttvarnalæknis frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala um *STEC* (shiga-toxin myndandi *E. coli*) greiningu hjá barni á leikskólaaldri. Grunur var um hópsýkingu þar sem fleiri börn af sama leikskóla höfðu leitað til bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins, Landspítala, með einkenni iðrasýkingar. Síðar sama dag greindust tvö börn til viðbótar af sama leikskóla með *STEC*. Sýni voru sett í bakteríuræktun til að staðfesta greininguna en um kvöldið ákvað rekstraraðili að loka leikskólanum tímabundið.

STEC sýking er tilkynningarskyldur sjúkdómur til sóttvarnalæknis skv. reglugerð en sýkingin getur sérstaklega verið alvarleg hjá ungum börnum. Stýrihópur var kallaður saman til fundar þann 23. október í samræmi við [leiðbeiningar](#) um rannsóknir á hópsýkingum sem tengast matvælum.

Alls greindust 49 einstaklingar með staðfesta greiningu *STEC* í þessari hópsýkingu, þar af 45 börn sem sækja leikskólann Mánagarð. Tólf börn voru lögð inn á legudeild Barnaspítala Hringsins, fimm börn inn á gjörgæslu og tvö þeirra þurftu skilunarmeðferð vegna nýrnabilunar.

Rannsókn leiddi í ljós að uppruni *STEC* smits var í kjöthakki sem notað var í máltíð sem var framreidd þann 17. október á leikskólanum Mánagarði. Heilgenaraðgreiningar á *E. coli* stofnum sem ræktuðust úr kjöthakki og úr saursýnum sýktra einstaklinga staðfestu að um sama stofn *E. coli* var að ræða (*E. coli* O145:H25). Verklag við matseld í leikskólanum reyndist hafa verið ófullnægjandi hvað varðar meðhöndlun kjöthakksins, eldun þess og geymslu máltíðarinnar.

Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fóru í eftirlit í leikskólann og fóru yfir verklag og aðstæður auk þess að leiðbeina um úrbætur og veita starfsfólki fræðslu. Þrif og sóttþreinsun fór fram í leikskólanum og opnaði leikskólinn aftur fyrir starfsemi þann 5. nóvember. Sóttvarnalæknir gaf út [leiðbeiningar varðandi hvenær börn gátu mætt í leikskólann aftur](#). Leikskólinn býður nú upp á aðkeyptan mat þar til annað verður ákveðið af rekstraraðila í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Um leikskólann Mánagarð

Leikskólinn Mánagarður er sjö deilda leikskóli í Reykjavík. Rekstraraðili er Félagsstofnun Stúdenta. Á leikskólanum eru skráð 127 börn á aldrinum eins til sex ára. Starfsmenn eru tæplega 40 talsins. Hádegismatur var eldaður í eldhúsi á staðnum þegar hópsýkingin kom upp. Börnin höfðu ekki verið í tengslum við húsdýr eða gæludýr á leikskólanum eða í heimsóknum á vegum hans.

Tilkynning og upphaf hópsýkingar

STEC er tilkynningarskyldur sjúkdómur til sóttvarnalæknis skv. reglugerð nr. 221/2012. Sýkla- og veirufræðideild Landspítala tilkynnti sóttvarnalækni með símtali eftir hádegi þann 22. október 2024 að eitt barn á bráðamóttöku barna á Landspítala hefði greinst með STEC á EntericBio PCR panel og að fleiri börn frá sama leikskóla hefðu leitað á deildina með einkenni iðrasýkingar. Um kvöldið sama dag greindust tvö börn til viðbótar af sama leikskóla með STEC á PCR Filmarray hraðprófi svo fyrstu niðurstöður bentu til að um hópsýkingu væri að ræða. Sýni voru sett í bakteríuræktun til að staðfesta greiningu á STEC.

Á vegum sóttvarnalæknis var haft samband við leikskólastjórnann og í framhaldi af því hafði starfsfólk leikskólans samband við foreldra barna á leikskólanum. Voru foreldrar beðnir um að vera vakandi fyrir einkennum iðrasýkingar og hafa samband við barnadeild ef börnin væru með einkennum. Fleiri börn af leikskólanum leituðu í framhaldinu á bráðamóttöku barna um kvöldið, flest með niðurgang. Vegna þessa var tekin var ákvörðun að kvöldi 22. október að loka öllum leikskólanum frá og með miðvikudeginum 23. október.

Sóttvarnalæknir upplýsti að kvöldi 22. október einnig samstarfsaðila hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Matvælastofnun (MAST) og umdæmislækni sóttvarna á höfuðborgarsvæðinu um grun um hópsýkingu. Tilkynnt var að um stofnun stýrihóps sem myndi funda næsta dag.

Stýrihópur

Stýrihópur var kallaður saman af sóttvarnalækni í samræmi við [leiðbeiningar um rannsóknir á matarbornum sjúkdómum](#). Í stýrihóp voru fulltrúar sóttvarnalæknis, sýkla- og veirufræðideildar Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Barnspítala Hringins, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, rannsóknastofunnar MATÍS, Matvælastofnunar (MAST) og umdæmislæknir sóttvarna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsti fundur var haldinn þann 23. október.

Stýrihópur ræðir og tekur ákvarðanir um ýmsa fleti rannsókna á uppruna sýkingar, sjá nánar í ofangreindum leiðbeiningum.

Lýsing hópsýkingar og faraldsfræði

Fyrsta STEC tilfellið greindist þann 22. október en þann 25. október voru staðfestar STEC greiningar orðnar 32. Á vegum sóttvarnalæknis var haft samband við foreldra þeirra barna sem höfðu veikst til að safna upplýsingum um neyslu matvæla og upphaf einkenna. Í þessari upplýsingaöflun kom fram að upphaf einkenna hjá 13 börnum (niðurgangur, lausar hægðir) var þann 18. október eða aðfararnótt þess dags. Hjá 17 börnum

og einu foreldri var upphaf einkenna helgina 19.–20. október og hjá fimm börnum dagana 21.–22. október (Mynd 1). Fleiri börn af leikskólanum bættust í hóp veikra og smitaðra þegar leið á vikuna. Einhver börn voru með eða fengu niðurgang í leikskólanum 21.–22. október.

Ljóst var að um fjölmenna hópsýkingu af völdum STEC var að ræða og einkenni barnanna voru mismikil, allt frá vægum niðurgangi upp í svæsinn blóðugan niðurgang og alvarleg veikindi með nýrnabilun (e. hemolytic uremic syndrome; HUS).


Í viðtölum sóttvarnalæknis við foreldra og starfsfólk leikskólans kom fram að börnin sem veiktust höfðu öll borðað máltíð á leikskólanum í hádeginu þann 17. október (hakk og spagetti og/eða vegan rétt sem samanstóð af linsubaunum og spagetti). Í samtölum við foreldra barna sem veiktust kom fram að fjögur börn borðuðu venjulega ekki kjöt og tvö önnur börn voru vegan.

Alls greindust 49 einstaklingar með STEC í þessari hópsýkingu á tímabilinu 22. október–5. nóvember. Þar af voru 45 börn á leikskólanum Mánagarði, einn starfsmaður leikskólans, eitt eldra barn starfsmanns (það barn borðaði í leikskólanum í hádeginu 17. október) og tveir fjölskyldumeðlimir smitaðs leikskólabarns (foreldri og systkini). Fyrir utan þessi tvö afleiddu smit á heimili er ekki vitneskja um fleiri afleidd smit.


Leikskólinn opnaði aftur 5. nóvember en sóttvarnalæknir gaf út [leiðbeiningar um sýnatökur](#) fyrir þau börn sem höfðu greinst með STEC og/eða haft einkenni iðrasýkingar. Mælt var með að þau börn myndu skila tveimur saursýnum þar sem bakterían greindist ekki (neikvæð niðurstaða), áður en snúið væri aftur í leikskóla. Ennfremur voru tilmæli um að þau börn sem höfðu fengið einkenni eftir 17. október og ekki farið í sýnatöku þá, færu í sýnatöku áður en mættu í leikskólann. Í þessum sýnatökum í tengslum við opnun leikskólans greindust sex ný STEC tilfelli meðal leikskólabarnanna, en þau reyndust hafa fengið væg og skammvinn einkenni eftir 17. október (vægan niðurgang eða lausar hægðir).

Sýni sem voru jákvæð í PCR voru sett í ræktun. Ef ræktun reyndist jákvæð skyldi ekki snúa til baka í leikskólann en endurtaka sýnatökur eftir tvær vikur. Leiðbeiningar sóttvarnalæknis byggja á fyrri reynslu og sambærilegum erlendum leiðbeiningum varðandi hópsýkingar á leikskólum af völdum *E. coli* STEC bakteríu með mikla meinvirkni (e. high virulence).

Þann 19. nóvember eða 34 dögum eftir mestu útsetningu þann 17. október höfðu 32 leikskólabörn skilað neikvæðu sýni og snúið aftur í leikskólann.



Mynd 1: Upphaf einkenna (upplýsingar sem lágu fyrir fyrstu vikuna)



Mynd 2: Fjöldi greindra tilfella með PCR

Frá Barnaspítala Hringsins, Landspítala

Fjöldi koma á bráðamóttöku barna vegna hópsýkingarinnar var yfir 200. Alls 54 börn voru í þjónustu barnaeildar í tengslum við hópsýkinguna. Tólf börn voru innlögð á legudeild vegna HUS, fimm börn voru innlögð á gjörgæslu. Tvö börn þurftu skilun vegna nýrnabilunar, annað barnið fyrst blóðskilun og svo kviðskilun og hitt barnið kviðskilun eingöngu. Fjöldi legudaga á barnaspítalanum var rúmlega 180 og þar af 52 dagar á gjörgæslu. Öll börnin hafa verið útskrifuð af spítalanum en nokkur eru enn í eftirliti vegna fylgikvilla sýkingarinnar.

Frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala: Rannsóknaraðferðir og niðurstöður saursýna

Notuð var PCR aðferð til að greina STEC í saursýnum (EntericBioDx frá SeroSep, Limerick, Írlandi), sem greinir samtímis *Salmonella* (enterica), *Shigella* (sonnei/flexneri/boydii/dysenteriae), *EIEC* (Enteroinvasive *Escherichia coli*), *Campylobacter* (jejuni/coli/lari), *STEC* (Shiga-toxín myndandi *E. coli*) (stx1 og stx2), *Yersinia* (enterocolitica), *Vibrio* (cholerae/parahaemolyticus), *Cryptosporidium* (parvum/hominis), *Giardia* (lambli=intestinalis=duodenalis) og *Entamoeba* (histolytica).

Öll sýni, sem greindust jákvæð fyrir STEC í PCR prófinu voru sett beint í ræktun, þar sem leitað var að *E. coli* stofnum, sem í framhaldinu fóru í aðra PCR rannsókn, til greiningar á hvort þeir bæru meinvirknigen (stx1, stx2 og eae). Stofninn, sem olli hópsýkingunni í Mánagarði bar með sér meinvirknigenin stx2 og eae.

Daglega voru færðar inn niðurstöður, bæði úr PCR prófum og ræktunum fyrir alla tengda Mánagarði en umdæmislæknir sóttvarna á höfuðborgarsvæðinu sá um upplýsingagjöf um rannsóknarniðurstöður til foreldra.

Frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur: Rannsókn, aðgerðir á vettvangi, sýnataka og eftirfylgni

Heilbrigðisfulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fóru í eftirlit á Mánagarð miðvikudaginn 23. október til að rannsaka upptök meintrar STEC hópsýkingar sem komin var upp á leikskólanum. Í eftirlitinu var rætt við matráð, aðstæður í eldhúsi metnar og matvæli á staðnum skoðuð. Spurt var út í matseðil vikunnar á undan og meðferð matvæla.

Í ljós kom að meðferð matvæla sem voru á boðstólnum þann 17. október var ekki á ákjósanlegan hátt:

Líklegt er að hakkið hafi ekki verið fullþiðnað þegar eldun hófst, sem eykur líkur á því að hakkið hafi ekki náð að steikjast í gegn. Frosinni papriku, frosnum lauk, tómtum úr dós, linsubaunum og grænmetiskrafti var bætt saman við hakkið. Suða var ekki látin koma upp á hakksósunni á meðan á eldun stóð, síðan var henni leyft að kólna við stofuhita í allt að 5–6 klukkustundir. Að þeim tíma loknum var hakksósan sett í kæli yfir nótt. Daginn eftir var hakksósan hituð upp aftur og borin fram í hádeginu ásamt soðnu spagetii.

Eftir að niðurstöður greininga komu frá Mátis, þykir ljóst að hluti hakksins hefur ekki náð eldun að 70°C, sem þarf til að drepa *E. coli* bakteríur. Auk þess stóð hakksósan í nokkrar klukkustundir við stofuhita þar

sem má áætla að hitastig sósunnar hafi verið á milli 20–60°C, en á því bili ná *E. coli* bakteríur auðveldlega að fjölga sér.

Einnig var rætt við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Í eftirlitinu voru tekin sýni af blönduðu kjöthakki, frosinni papriku og melónu. Farið var með sýnin í Matís til greiningar.

24. október voru fleiri hakkrúllur úr sömu lotu sóttar í eldhús leikskólans og farið með í Matís.

Dagana 23.–25. október voru framkvæmd alþrif á leikskólanum. Starfsfólk leikskólans sá um þrif á leikföngum og búnaði, en utanaðkomandi fyrirtæki sá um þrif á húsnæðinu.

Mánudaginn 28. október kom í ljós að börn sem venjulega borða ekki kjöt hefðu einnig veikt. Í kjölfarið var ákveðið að fara þyrfti í frekari sýnatökur á matvælum sem höfðu verið á boðstólum. Heilbrigðisfulltrúar fóru í leikskólann samdægurs og tóku fleiri sýni (linsubaunir, frosinn lauk, tómata í dós, haframjöl, hunang og grænmetiskraft). Farið var með sýnin í Matís til greiningar. Þau sýni voru neikvæð fyrir STEC. Ekki er ljóst hvort börn sem borða venjulega ekki kjöt hafi óvart borðað kjötsósuna þennan dag eða hafi smitast af STEC vegna krossmengunar frá hlutum eða yfirborðum í eldhúsi, á deildum eða með afleiddu smiti frá öðrum börnum.

Þriðjudaginn 29. október komu heilbrigðisfulltrúar í leikskólann í eftirlit með húsnæði leikskólans. Farið var á allar sjö deildir leikskólans ásamt öðrum rýmum. Farið var vel yfir skipulag húsnæðis og búnaðar ásamt verklagi á öllum deildum, í fylgd leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Í kjölfar eftirlitsins þann 29. október taldi heilbrigðiseftirlitið að ástæða væri til að miðla fræðslu og upplýsingum til starfsfólks á deildum leikskólans. Því var leikskólanum boðið að heilbrigðiseftirlitið héldi fræðsluerindi fyrir starfsfólk leikskólans áður en leikskólinn opnaði á ný. Leikskólastjóri þáði það boð.

Föstudaginn 1. nóvember komu heilbrigðisfulltrúar á starfsmannafund leikskólans og héldu fræðsluerindi um hreinlæti og meðferð matvæla miðaða að starfsemi leikskólans. Þá var spurningum starfsfólks svarað að erindi loknu. Í lögum um matvæli er ákvæði um að starfsfólk sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli hafa þekkingu á meðferð matvæla og að stjórnendur rekstraraðila þar sem matvæli eru framleidd, m.a. til neyslu á staðnum eins og í þessu tilviki, bera ábyrgð á því að viðkomandi starfsfólk sé veitt viðeigandi fræðsla og þjálfun. Þann 5. nóvember var leikskólinn opnaður á ný eftir tveggja vikna lokun. Heilbrigðisfulltrúar mættu í eftirlit upp úr kl. 10 þann dag. Farið var yfir ferla í eldhúsi, auk þess sem allar deildir voru skoðaðar í fylgd leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þá var rætt við starfsfólk inni á öllum deildum og farið yfir verklag varðandi hreinlæti og notkun á vöskum.

Eftir að leikskólinn var opnaður á ný hefur hádegismatur komið tilbúinn til upphitunar frá Skólamat.

Frá MATÍS: Rannsókn á matvælum

Örverudeild Matís fékk til rannsóknar 10 hráefnissýni sem voru tekin úr eldhúsi Mánagarðs af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Skimað var fyrir shiga toxín myndandi *E. coli* í þessum sýnum (STEC).

Þau sýni sem voru neikvæð fyrir STEC voru rauðar og brúnar linsubaunir, hunang, grænmetiskraftur, frosinn laukur, tómatar úr dós, haframjöl, frosin paprika og fersk melóna.

Úr tveggja kílógramma pakkningu af kjöthakki frá Kjarnafæði voru tekin fimm 25 gramma sýni. Öll fimm sýnin voru jákvæð í skimun á STEC. Öll voru jákvæð fyrir Stx2 og eae geninu. Til að finna staka bakteríuþyrpingu í hakkinu voru valdar 240 þyrpingar og athugað hvort viðkomandi *E. coli* baktería væri jákvæð fyrir stx2 og eae genunum. Úr þessum 240 þyrpingum voru þrjár jákvæðar fyrir stx2 og eae. Einnig var athugað hvort þetta væri O145 þar sem sú *E. coli* tegund fannst í sjúklingi. Þessar þrjár þyrpingar voru allar O145.

Til að staðfesta að um væri að ræða sömu bakteríuna og olli sýkingunni í sjúklingum var tekinn einn stofn frá sjúklingi og þrjár stofnar sem fundust í hakkinu og gerð heilgenaraðgreining á þeim.

Í töflu 1 hér fyrir neðan er sýnd fjarlægð milli stofnanna í breytilegum genum (*e. alleles*).

Tafla 1. Erfðafræðileg fjarlægð byggða á genum (*alleles*)

	Sjúklingur	Hakk nr. 1	Hakk nr. 2	Hakk nr. 3
Sjúklingur	0	0	0	0
Hakk nr. 1	0	0	0	0
Hakk nr. 2	0	0	0	0
Hakk nr. 3	0	0	0	0

Í töflu 2 er sýnd fjarlægð milli stofnanna í einkirnabreytileikum (*e. SNP*). Ef mismunurinn er undir 5 SNP er um að ræða sama stofninn.

Tafla 2. Erfðafræðileg fjarlægð byggða á einkirnabreytileikum (*SNP*)

	Sjúklingur	Hakk nr. 1	Hakk nr. 2	Hakk nr. 3
Sjúklingur	0	1	1	1
Hakk nr. 1	1	0	0	0
Hakk nr. 2	1	0	0	0
Hakk nr. 3	1	0	0	0

Niðurstaðan er að stofn úr sjúklingum og stofnar úr hakkinu eru sami stofninn og því staðfest að *E. coli* STEC bakterían sem olli hópsýkingunni kom úr hakkinu.

Stofninn er *E. coli* O145:H25, með meinvirknigenin *eae*, *ehx*, *stx2a*.

Frá Matvælastofnun

Matvælastofnun hafði samband við Kjarnafæði þegar meinvirknigen fundust í kjöthakkinu og upplýsti forsvarsmenn fyrirtækisins um málið. Lotan af hakkinu hafði ekki farið í almenna sölu, eingöngu á veitingastaði og mótuneyti, þ.m.t. þriggja leikskóla. Kjarnafæði hafði samdægurs samband við alla kaupendur og reyndist allt hakk vera búið (eldað og neytt) og kom því ekki til innköllunar. Engar vísbendingar voru um veikindi hjá neytendahópum hjá hinum kaupendunum.

Hakkið var blandað kjöthakk með nautgripakjöti frá Þýskalandi og kindakjöti frá Íslandi. Við komuna til landsins tók Kjarnafæði sýni skv. gæðakerfi fyrirtækisins, þ.e. 200 g úr hverri einingu og 10 g prófuð m.t.t. *E. coli*. Allt var undir viðmiði (<10 cfu/g). Kindakjötið kom frá sláturhúsi Kjarnafæðis Norðlenska á Blönduósi og frá sláturvertíð 2023. Engar sértækar sýnatökur m.t.t. *E. coli* voru gerðar á kindakjötinu áður en það fór í blandaða hakkið.

Það er ekki gerð krafa í matvælalöggjöf á Íslandi né Þýskalandi um sértækar sýnatökur m.t.t. *E. coli* til að tryggja að kjöt á markaði sé laust við *E. coli*. Hins vegar er gerð krafa um reglulegar sýnatökur hjá sláturhúsum og kjötvinnslum til að meta hvort framleiðsluferill þeirra og góðir starfshættir skili þeim árangri sem til er ætlast.

Matvælastofnun sendi tilkynningu í gegnum RASFF (Rapid Alert System for Food and Feed) þar sem hluti hráefnis kom frá Þýskalandi. Opinberir eftirlitsaðilar þar í landi hafa ekki neinar athugasemdir við framleiðsluferli fyrirtækisins (ZEMO) og allar sýnatökur þeirra m.t.t. *E. coli* samkvæmt regluverki þarlendis og án athugasemda.

Þrátt fyrir ofangreindar upplýsingar er ekki hægt að segja með vissu hvort nautgripakjötið eða kindakjötið hafi borið með sér STEC í blandaða hakkið. Þó svo að fyrir lægju sýnatökur hérlendis úr nautgripakjötinu þá er næmni þeirra ekki mikil og er stuðst við viðmið (<10 cfu/g) en ekki tilvist.

Frá umdæmislækni sóttvarna og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Svæðisstjóri frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins tók þátt í upplýsingaöflun sóttvarnalæknis með sím-tölum við foreldra veikra barna um einkenni og upphaf einkenna.

Umdæmislæknir sóttvarna sá um að útbúa sýnatökubeiðnir fyrir börn sem höfðu greinst smituð, upplýsa um sýnatökur og skil á sýnum sem og að tilkynna foreldrum um niðurstöður. Svörum var komið í hendur foreldra sama dag og niðurstaða lá fyrir.

Við skýrsluskrif er eitt barn enn í eftirfylgni hjá heilsugæslunni.

Tilkynning til annarra ESB/EES-ríkja

Þann 1. nóvember 2024 setti sóttvarnalæknir inn tilkynningu í EpiPulse tilkynningarkerfi Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) um STEC hópsýkingu meðal leikskólabarna á Íslandi, með tengsl við kjöthakk af íslenskum og erlendum uppruna. Sama dag var sett inn tilkynning sama efnis í tilkynningarkerfi Evrópusambandsins varðandi heilsuvá þvert á landamæri.

EpiPulse tilkynningunni fylgdi raðgreiningarskrá (fasta) fyrir íslenska STEC stofninn. Ellefu Evrópuríki svöruðu tilkynningunni en ekkert þeirra hafði greint skyldan STEC stofn og yfirleitt var um mjög fjarskylda STEC stofna að ræða í þeirra gagnagrunnum. Því eru engar vísbendingar um tengsl við erlend matvæli eða hópsýkingar.

Þann 12. nóvember var sett inn viðbótarfærsla í EpiPulse með númeri RASFF tilkynningar frá MAST og frekari upplýsingum um kjöthakkið sem tengdist hópsýkingunni.

Samskipti við fjölmiðla

Sóttvarnalæknir sá að mestu um samskipti við fjölmiðla vegna málsins f.h. stýrihóps en aðrir sinntu því einnig ef til þeirra var leitað. Landspítali sinnti samskiptum varðandi ástand inniliggjandi barna eða barna í eftirliti hjá spítalanum. Fréttir voru birtar um hópsýkinguna á vef embættis landlæknis eftir gangi mála (sjá lista hér að neðan) en einnig hjá MAST. Rekstaráðilar leikskóla sinntu sínum samskiptum við fjölmiðla án aðkomu stýrihóps.

Umræða

1. Mikilvægt er að fyrirbyggja matartengdar hópsýkingar eins og hægt er.
2. Tryggja þarf að skýrir verkferlar og þjálfun starfsfólks sé til staðar varðandi meðhöndlun matvæla sbr. ákvæði í lögum um matvæli.
3. Vanda þarf upplýsingagjöf til einstaklinga sem tengjast hópsýkingu, hagaðila og fjölmiðla.
4. Verklag og upplýsingar til einstaklinga varðandi sýnatökur, m.a. vegna rannsóknabeiðna, skil á sýnum og upplýsingar um niðurstöður þarf að liggja fyrir frá byrjun. Æskilegt er að heilsugæsla hafi miðlægar leiðbeiningar hvað þetta varðar.
5. Leiðbeiningar til foreldra barna um hvenær megi snúa aftur í leikskóla eða skóla eftir hópsýkingar ættu að liggja fyrir eins fljótt og auðið er.

Ítarefni

Fréttir um hópsýkingu tengda Mánagarði í tímaröð á vef embættis landlæknis:

- Hópsýking af völdum *E. coli* á leikskóla í Reykjavík (23.10.2024)
- Fleiri börn greinast með *E. coli* sýkingu tengda leikskóla í Reykjavík (25.10.2024)
- Staðan á matvælarannsókn vegna *E. coli* hópsýkingar hjá börnum (30.10.2024)
- *E. coli* O145 staðfest í börnum og blönduðu hakki (01.11.2024)
- Leiðbeiningar eftir hópsýkingu af völdum eiturmyndandi *E.coli* (STEC) tengda leikskólanum Mánagarði (04.11.2024)

Annað:

- Leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum
- Heilræði við meðferð matvæla
- Upplýsingasíða um *E. coli* matarsýkingar
- Skýrsla Matvælastofnunar – STEC 2018 (bls. 6)
- FHI:smittevernhandboka: Kontroll og oppfólging av tilfeller med høyvirulent EHEC
- UK Health Security Agency: Public health operational guidance for Shiga toxin-producing *Escherichia coli* (STEC)
- Heilsuvera
